

STJÓRNARTÍÐINDI A 22 – 1996

Nr. 124

404

22. nóvember 1996

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 22. nóvember 1996.

Friðrik Sophusson.

Kristján Andri Stefánsson.

Nr. 125

13. desember 1996

LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- a. Orðin „til ársloka 1996“ í 1. málsl. falla brott.
- b. 4. málsl. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar breytingar verða á 24. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Lífeyrir skv. I. kafla skal hvert ár miðast við viðmiðunarlaun undanfarandi fimm almanaksára.
- b. Orðin „til ársloka 1996“ í 2. mgr. falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Gjört á Bessastöðum, 13. desember 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.